

1861. 46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
19. ágústm. yfir Íslandi, um linun í jarðarafgjaldi af klaustur-
jörðinni Klauf.

Með því jörðin Klauf, er heyrir undir umboð Þykkvabæjar-
klausturs, núna síðustu árin hefir orðið fyrir áföllum miklum af
sandfoki, hafið þér, herra stiptamtmaður, eptir bón Runólfs
Sveinssonar, sem er ábúandi á jörð þessari, stungið upp á því
í bréfi 13. desemberm. f. á., að honum sé leyft að borga með
peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári
hverju, í fardögum 1861 og svo þaðan af, þangað til öðruvísi
verður ákveðið, þá 30 álna landskuld, sem hann eptir bygg-
ingarbréfi sínu á að greiða eptir meðalverði verðlagsskrár á ull,
smjóri og tólg.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður
til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að dómsmála-
stjórnin fellst á, að landskuldargjald það, sem hér er um rætt,
sé greitt á þann hátt, er þér stingið upp á, þó fyrst um sinn
aðeins í 3 ár; en þegar sá tími er liðinn, ber að senda stjórnar-
ráðinu skýrslu um, hvornig jörðin er á sig komin.

21. ágústm. 47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Með bréfi 31. janúarm. þ. á. hafið þér, herra stiptamt-
maður, sent hingað skjal nokkurt; í því biður sveitarstjórnin í
Fljótshlíðar hrepp um, að dómsmálastjórnin skeri úr ágreiningi,
sem orðið hefir milli þessa hrepps og Hvols hrepps um hinn
rétta framfærsluhrepp Jóns Ólafssonar á Giljum.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður
til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga
að máli, að stjórnarráðið fellst á úrskurð þann, er þér, herra
stiptamtmaður, lögðuð á mál þetta 2. dag maím. 1860, en eptir
þeim úrskurði ber svo að álíta, að Jón Ólafsson eigi framfærslu-
rétt í Fljótshlíðarhrepp.